


Samþykkt þann
28. ágú. 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

# SAMANTEKT Á BRUNAVÖRNUM HÚSSINS

*Texti unninn af Mannvit hf. verkfræðistofu.*

**Almennt um húsið.**
Um er að ræða atvinnuhúsnæði. Húsið flokkast í notkunarflokk 1. Matshlutinn er á einni hæð merkt 0102, auk millilofts merkt 0103 á teikningar.

**Aðkoma slökkviliðs:**
Tæki slökkviliðs hafa greiðan aðgang að húsinu bæði frá Melabraut og Suðurbraut. Aðkomuleiðir eru sýndar á afstöðumynd.

**Brunaþol burðarvirkis:**
Sá hluti hússins sem um ræðir er stálgrindarbygging með límtrésbitum í þaki, reist upp að eldra húsi sem er steinsteypt. Gert er ráð fyrir að brunaþol burðarvirkis sé R30. Burðarvirki milligólfs er R 60.

**Brunahólf:**
Sá hluti sem þessi samantekt nær yfir er eitt meginbrunahólf, hólfað frá öðrum hlutum hússins með EI 90 veggjum. Hólfun hússins er sýnd á aðaluppdráttum.

**Flóttaleiðir:**
Frá rekstrareiningum 0102 og 0103 eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir út undir bert loft. Á neðri hæð er útgengt um tvær hurðir frá stærsta rýminu. Auk þess er björgunarop úr skrifstofu. Frá millilofti eru flóttaleiðir út um björgunarop eða niður stiga og út í gegnum aðra hvora flóttaleið 1. hæðar.

Fjarlægð í næsta útgang/brunahólf, mælt samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar verður hvergi meiri en 45 m.

**Klæðningar:**
Allar nýjar klæðningar veggja og lofta skulu vera í flokki 1. Þak uppfyllir flokk T, B(roof)(t2). Gólfklæðningar á millilofti skulu uppfylla flokk $D_{fl}$-s1.

**Brunaviðvörunarkerfi:**
Í húsnæðinu er sambyggt bruna- og innbrotaviðvörunarkerfi. Allur búnaður þess skal uppfylla viðkomandi EN staðla og skal viðvörun frá honum. Uppsetning, allur rekstur og viðhald skal vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Kerfið á að vera þjónustuð af aðila viðurkenndum af Mannvirkjastofnun.

**Neyðarlýsing og ÚT-ljós:**
Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og ÚT-ljós eru í húsinu í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN 1838:2013, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar 160.BR3, byggingarreglugerð 112/2012 og ISO 16069. Staðsetning ÚT-ljósa er sýnd á aðalteikningum.

**Slökkvitæki og slöngukefli:**
Í húsinu er slöngukefli eins og aðaluppdrættir sýna. Handslökkvitæki skulu sett við slöngukeflið og á öðrum stöðum í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.

**Reyklosun:**
Reyklosun er út um dyr og glugga á byggingunni.

**Brunaþéttingar:**
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun.

**Viðhald og eftirlit:**
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017.

28.08.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

MANNVIT hf.
2019.07.31

**VEKTOR**
- hönnun og ráðgjöf -
Síðumúla 3, 108 Rvk, s: 554-6650 / 897-5363

Sigurður Hafsteinsson
byggingatæknifræðingur
Kt. 030859-7749
email: sigurdur@vektor.is

| Teikn. nr. | Tilvísun á teikningu | Br. | Dags. |
|---|---|---|---|

Samþykkt
Sigurður Hafsteinsson
kt: 030859 7749

MELABRAUT 17, HAFNARFIRÐI

GRUNNMYND, MILLILOFT OG BRUNATÆKNILEG HÖNNUN

| Hannað | Teiknað | | |
|---|---|---|---|
| SH | MA | | |
| Dagsetning | Verk nr. | Mælikvarði | Teikn. nr. |
| 31.07.2019 | | 1/100 | A-03 |